

Föstudaginn 24. júlí 1987.

Nr. 217/1987. **Protabú Vörðufells hf.**

gegn

Ásgeiri Sigurðssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. júní sl. samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Barst kæran Hæstarétti 30. s.m. Krefst sóknaraðili þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málgögn sýna, að varnaraðili á í verulegum fjárhagsörðugleikum, þó að ætla verði, að hann eigi fyrir skuldum. Hann kveðst vilja freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín, og hefur lögmáður lýst sig reiðubúinn til að veita aðstoð við það. Á hitt er að líta, að varnaraðili hefur um alllangt skeið átt við fjárhagsvanda að stríða og notið lögmannaðstoðar af því tilefni. Er því ómótmælt haldið fram af sóknaraðila, að þrotabúið hafi átt veðtryggða kröfu á varnaraðila, sem fallið hafi í gjalddaga 1. júní 1985. Eftir uppboðsbeiðni, sem rituð hafi verið 8. nóvember það ár hafi uppboð átt að fara fram 10. febrúar 1986. Það hafi ekki orðið, en síðan hafi uppboð verið ákveðið á 6 tilteknum dögum. Af einu hafi ekki orðið, þar sem varnaraðila hafi verið heimiluð greiðslustöðvun 11. desember 1986. Úrskurður um þessa greiðslustöðvun hafi verið felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 14. janúar sl. Í annað sinn hafi ekki orðið af uppboðssölu vegna breytinga á 29. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð með lögum nr. 12/1987, 7. gr., og hafi verið ákveðið þriðja uppboð vegna nýrra lagareglna. Ella hafi sóknaraðili fallist á frestun uppboðs.

Þegar framanskráð er virt verður að ætla, að varnaraðili hefði getað komið fjármálum sínum í nýtt horf fyrr með sömu úrræðum

og nú er kostur á. Dómkrafa sóknaraðila er byggð á lögvarinni kröfu hans til að fá greiðslu af uppboðsandvirði veðsettrar eignar varnaraðila. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila 10.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Ásgeir Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, þrotabúi Vörðufells hf., 10.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Kjósarsýslu 22. júní 1987.

Ár 1987, mánudaginn 22. júní er í skiptarétti Kjósarsýslu kveðinn upp úrskurður þessi um beiðni Ásgeirs Sigurðssonar, nnr. 0676-3448, Brekkutanga 18 Mosfellshreppi Kjósarsýslu, um að honum verði veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að 3 mánuði með vísun til 7. gr. 1. nr. 6/1978.

Beiðnin barst skiptaráðanda 18. júní sl. Hún var þingfest daginn eftir, 19. júní, og kom þá beiðandi fyrir réttinn ásamt lögmanni sínum Kristjáni Stefánssyni hdl. Málinu var þá frestað til dagsins í dag, en þá var aftur þingað í því, og sótti beiðandi þing. Var það þá tekið til úrskurðar.

Með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 11.12. 1986, fékk beiðandi heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14.01. 1987, var úrskurður þessi felldur úr gildi. Eftir því sem næst verður komist taldi beiðandi þá skuldir sínar vera um kr. 3.000.000,00, en eignir samtals kr. 7.690.000,00.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:

„Það er athugavert að í beiðni varnaraðila um greiðslustöðvun gætir ónákvæmni í framtali skulda og auk þess er beiðnin ekki studd neinum gögnum sem þó hefði verið eðlilegt eins og málið er vaxið.“

Í greiðslustöðvunarbeiðni sinni nú telur beiðandi upp eignir sínar, og sagði hann fyrir réttinum að sú upptalning væri tæmandi. Hann tók þó fram, að ekki væri innbú talið með, en það væri venjulegt og í því engin sérstök verðmæti.

Eignir eru metnar á kr. 7.689.000,00, þar af er fasteignin á Brekkutanga 18 metin á kr. 6.089.000,00, sem er nær 80% verðmætis eignanna. Mat fasteignarinnar er stutt staðfestingu á brunatryggingu. Beiðandi skýrði fyrir réttinum með nokkrum hætti hvernig aðrar eignir (lausafé) væru metnar.

Beiðandi lagði fram með beiðni sinni yfirlit yfir skuldir sínar. Nema þær samtals kr. 4.408.067,00. Er skuldayfirlit þetta allrækielega stutt framlögðum gögnum. Fyrir réttinum upplýstist þó að beiðandi skuldar þunga-skatt vegna vörubifreiðar að upphæð kr. 107.873,00, þannig að gera verður ráð fyrir að skuldir hans nemi samtals ríflega kr. 4.500.000,00.

Greiðslustöðvunarbeiðandi á talsverðar eignir umfram skuldir. En hann á í verulegum greiðsluerfiðleikum. Það er mat réttarins að hann hafi vilja og trúlega getu til að koma nýrri og betri skipan á fjármál sín. Sá lánardrottinn sem hann skuldar mest, Útvegsbanki Íslands, hefur samþykkt að endursemjá við hann um kr. 1.700.000,00 en skuld hans við bankann nemur samtals kr. 1.859.766,00.

Upp í aðra stærstu skuld sína, við þrotabú Vörðufells hf., greiddi beiðandi í febrúar sl. kr. 400.000,00.

Beiðandi hefur í réttinum gert grein fyrir því, að hann hyggist leysa fjárhagsvanda sinn m.a. með því að selja þrjár tilgreindar vinnuvélar, sem hann hefur í beiðni sinni metið á samtals kr. 1.000.000,00. Þá hefur beiðandi skýrt svo frá fyrir réttinum, að atvinnutekjur sínar séu nú talsvert miklar. Ætti hann því, skv. ofanrituðu að hafa burði til að koma góðu lagi á fjármál sín, ef hann fær tóm til og góða hjálp.

Vera má að beiðandi hafi verið tómlátur um að hefjast handa um nýskipan fjármála sinna fyrr en í óefni væri komið. Yfirvofandi er nú 3ja og síðasta uppboð á fasteign hans, Brekkutanga 18. Hann hefur þó fyrir réttinum skýrt með nokkrum hætti, hvers vegna ekki hafi orðið af sölu lausafjármuna, sem hann fyrr hugðist selja til að bæta fjárhag sinn.

Það er álit réttarins að beiðandi uppfylli skilyrði 7. gr. 1. nr. 6/1978. Hann hefur sýnt fram á að hann á í verulegum fjárhagsörðugleikum. Fyrir liggur yfirlýsing lögmanns um að hann sé reiðubúinn til að aðstoða beiðanda til að koma nýskipan á fjármál hans. Beiðanda hefur ekki verið heimiluð greiðslustöðvun fyrr, að frátaldri þeirri sem Hæstiréttur felldi úr gildi með dómi 14.01. 1987.

Að mati réttarins ætti 2ja mánaða greiðslustöðvun að nægja til að beiðandi sýni fram á að hann geti komið viðunandi nýskipan á fjármál sín. Telur hann að hagsmunum lánardrottna sé ekki stofnað í hættu með þeirri stöðvun, þótt hún tefji um sinn að einhverjir þeirra fái greiddar kröfur sínar eða upp í þær. Á hinn bóginn lítur rétturinn svo á að beiðanda sé það verulegt hagsmunamál að fá heimild til greiðslustöðvunar, eins og málum er nú háttað.

Finnur Torfi Hjörleifsson fulltrúi skiptaráðanda kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ásgeir Sigurðsson, nnr. 0676-3448, Brekkutanga 18 Mosfellshreppi Kjósarsýslu, hefur heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði

frá uppkvaðningu úrskurðar þessa samkvæmt heimild í II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.

Þriðjudaginn 15. september 1987.

Nr. 250/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Óttari Proppé

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. ágúst 1987 sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Kópavogs hefur varnaraðila á dómþingi 3. þ.m. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Lýsti varnaraðili því yfir að hann gerði engar kröfur í málinu.

Á sakavottorði varnaraðila dagsettu 26. ágúst 1987 kemur fram að varnaraðili hefur tvisvar hlotið dóm vegna ölvunar við akstur og með síðari dóminum frá 31. mars 1987 verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22. ágúst 1986 að telja. Var héraðsdómara því óheimilt að ljúka máli varnaraðila með dómssátt, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, 1. mgr. 80. gr. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 40/1968. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.